


Annað ár tilrauna að baki


Í verkefninu Jaðarhafrar (e. OatFrontiers) voru lagðar út tilraunir á samtals 15 stöðum síðustu tvö ár. Þar af voru fjórir staðir í Noregi, einn í Svíþjóð, þrír á Írlandi, tveir í Finnlandi, tveir á Bretlandi, einn í Bandaríkjunum og á tveimur stöðum hér á Íslandi, í Gunnarsholti á Rangárvöllum og á Flatey á Mýrum.

Myndirnar hér að neðan sýna þann breytileika sem mældist á tilraunastöðum. Sum yrki sýndu afar stöðugan árangur milli staða. Til dæmis var norska yrkið Hurja oft meðal þeirra sem gáfu hvað mesta uppskeru. Einnig kom í ljós að þau yrki sem eru gefin út fyrir að vera snemmproska, t.d. Cilla, voru það vissulega.

Unnið er að frekari úrvinnslu gæða- og gagnagreininga. Sú vinna mun veita skýrari mynd af frammistöðu mismunandi yrkja við ólíkar aðstæður, m.a. hvað varðar uppskeru og gæði. Einnig hvaða þættir liggja að baki þeim breytileika sem fram kemur. Greining á meira en 400 hafralínum hafa nú þegar sýnt fram á áhugaverðan breytileika sem tekur fram úr þeim yrkjum sem nú eru í notkun. Nánari upplýsingar og niðurstöður verða kynntar síðar.



Dreifing uppskeru eftir stöðum 2024



Dreifing gagna eftir fjölda daga fram að þroska eftir stöðum 2024

Fjölbreyttir viðburðir

Á síðasta ári voru haldnir fjölmargir viðburðir í tengslum við verkefnið. Spildudagar voru m.a. haldnir á öllum tilraunastöðum. Hér á Íslandi var haldinn spildudagur þann 4. september í Gunnarsholti, sem er aðal tilraunastaður Jaðarhafra hér hjá okkur. Spildudagurinn var haldinn í kjölfar vinnustofu um kornverkefni Jarðræktarmiðstöðvar Lbhi. Um 50 manns mættu og kynntu sér þau fjölbreyttu verkefni sem þar fara fram og sköpuðust góðar umræður.

Jaðarhafrar skipulagði jafnframt kynnisferð til til N-Österbotten í Finnlandi þar sem m.a. var farið í heimsókn í haframylluna 65Oats og til finnskra hafraræktenda. Einnig var haldin vinnustofa í Steinkjer í Noregi með erindum og umræðum. Alls voru 65 þátttakendur. Þar voru ræddar helstu áskoranir og tækifæri í hafrarækt á norðlægum slóðum.

Nánari upplýsingar um þessa viðburði má finna á heimasíðu Verkefnisins og einnig má nefna að vinnustofa verður haldin á Írlandi í júní 2026

Bændatilraunir

Ef þú hefur áhuga á prófa þau hafrayrki sem hafa staðið sig vel í þessu verkefni þá hyggjast Jaðarhafrar útvega fræ til nokkurra bænda í hverju landi til að prófa ræktun í eigin ökrum sumarið 2027. Ef þú hefur áhuga þá skaltu endilega senda tölvupóst á hrannar@lbhi.is



Fréttabréf 4 - 2025

Jaðarhafrar (e. OatFrontiers)



Til vinstri:
Sofia Marmon frá
háskólanum í Lundi,
við hlið tilraunaakra
á Ási.

Til hægri:
Spildudagur í
Lännäs.

Hafrasérfræðingar í Svíþjóð

Jaðarhafrar (e. OatFrontiers) er sameiginlegt verkefni tíu samstarfsaðila sem koma frá háskólum, rannsóknarstofnunum og kynbótastofnunum. Hér að neðan verða samstarfsaðilar verkefnisins frá Svíþjóð kynntir:

Háskólinn í Lundi

Við háskólann í Lundi starfar Sofia Marmon, dósent í lífefnafræði. Hún vinnur ásamt teymi sínu við gagnagreiningu Jaðarhafra. Í upphafi verkefnisins voru m.a. framkvæmdar erfðagreiningar til að velja þau hafrayrki sem þóttu vænlegust í upphafi verkefnis. Nú beinist vinna hennar að gæðagreiningum á korninu. Sú vinna felst í söfnun og úrvinnslu gagna úr tilraunum á öllum þáttökusvæðum og hjá öllum samstarfsaðilum. Meðal þeirra þátta sem eru metnir eru uppskerumagn og próteininnihald.

Lantmännen

Hjá kynbótafyrirtækinu Lantmännen starfa Johanna Holmblad og Pernilla Vallenback við hafrakynbætur. Á rannsóknarstofu Lantmännen eru gerðar ítarlegar greiningar á þeim yrkjum sem eru í uppskerutilraunum. Þar er meðal annars mæld afhýðing, prótein, fita, beta-glúkan og 17 mismunandi amínósýrur.

Að verkefninu loknu stefnir Lantmännen að því að vera betur í stakk búið til að þróa ný hafrayrki sem henta sérstaklega aðstæðum á norðlægum jaðarsvæðum.

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum og kíktu á viðburði

Nánari upplýsingar um viðburðina má finna á heimasíðu verkefnisins og á samfélagsmiðlum

<https://www.interreg-npa.eu/projects/oatfrontiers/>

<https://twitter.com/OatFrontiers>

Endilega láttu okkur vita ef þú hefur áhuga á að fá fréttir af verkefninu og viðburðum: [Get email from OatFrontiers](#)

